

- 22 5. Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkv. 114. og 116. gr. laga nr. 50
26. febr. 1946, sbr. 26. gr. laga nr. 38/1953, skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við í marzmánuði það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laga nr. 50/1946 skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu janúar-mánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.
6. Skirteinagjald samkv. 127. gr. laga nr. 50/1946 ber að greiða með janúargreiðslu iðgjalds og skirteinin eða kvittun því aðeins afhent, að skirteinisgjaldið og janúargreiðslan hafi verið innt af hendi.

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkv. lögum nr. 38 1953, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, gengur í gildi þegar í stað.

Jafnframt eru úr gildi felldar auglýsingar nr. 215/1951 og nr. 28/1952.

Félagsmálaráðuneytið, 26. febrúar 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Hallgrímur Dalberg.

23

SNORRASJÓÐUR 1930

Ársreikningur 1952.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr. 164078.46
Aukning á árinu samkvæmt neðangreindu	— 1969.34
	<hr/> Kr. 166047.80

Eignum sjóðsins er varið þannig:

Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar	kr. 145500.00
Innstæða í Búnaðarbanka	— 20547.80
	<hr/> Kr. 166047.80

Tekjur:

Vextir af skuldabréfum Siglufjarðarkaupstaðar	kr. 6000.00
Vextir af sparisjóðsinnstæðu	— 569.34
	<hr/> Kr. 6569.34

Gjöld:

Styrkur til náms í Noregi:

Kristinn Björnsson, stúdent, til að ljúka námi í sálarfræði við háskólann í Oslo	kr. 1000.00
Jóhanna Jóhannsdóttir, stúdent, til tungumálanáms við háskólann í Oslo	— 3600.00
	<hr/> Kr. 4600.00

Lagt við höfuðstól	— 1969.34
	<hr/> Kr. 6569.34

Reykjavík, 16. febrúar 1953.

Búnaðarbanki Íslands.